

Rangárvallasýsla:

Öldutún á nýbýli í landi Miðkrika, Hvollhreppi.
Skammebeinsstaðir III á eignarhluta í landi Skammebeinsstaða, Holtahreppi.

Árnessýsla:

Mörk á nýbýli í landi Skálmholts, Villingaholtshreppi.
Stærribær II á þjónustubýli í landi Stærribæjar, Grímsneshreppi.
Skyggnisholt á iðnaðarbýli í landi Súluholts, Villingaholtshreppi.
Rein á iðnaðarbýli í landi Árbæjar III, Ölfushreppi.
Árgil á nýbýli í landi Neðradals, Biskupstungnahreppi.
Sandbakki á iðnaðarbýli í landi Forsætis I, Villingaholtshreppi.
Vatnsholt III á nýbýli í landi Vatnsholts II, Villingaholtshreppi.
Hof á nýbýli í landi Sölvholts, Hraungerðishreppi.

Kópavogur:

Ellidáhvammur á nýbýli í landi Vatnsenda, Kópavogi.

Kjósarsýsla:

Sætún á nýbýli í landi Móa, Kjalarneshreppi.
Helgafell III á smábýli í landi Helgafells II, Mosfellshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1975.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar ár hvert, en í öðrum flokkum 5. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum eða laugardögum eða fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.